



HOPPSA BOMM

Stefnumót um framtíð skíðasvæðanna á Austurlandi - samantekt

29. apríl 2024 – fundarsalur Hótel Héraðs á Egilsstöðum

austurbru.is




AUSTURBRÚ

1. UM HOPPSA BOMM

Þann 29. apríl var haldin fundur þar sem umfjöllunarefnið voru skíðasvæðin á Austurlandi í Oddsskarði og Stafdal. Yfirskriftin var „Hoppsa bomm - Stefnumót um framtíð skíðasvæðanna á Austurlandi“ og var hann haldinn í fundarsal Hótel Héraðs á Egilsstöðum frá 13:00 til 15:30. Upphaflega stóð til að halda fundinn 8. apríl en fallið var frá því vegna slæmrar færðar á Austurlandi þann dag. Fundurinn var auglýstur í Dagskránni, á vef Austurbrúar og á samfélagsmiðlum. Þá voru hengd upp kynningarveggspjöld á skíðasvæðunum.

Dagskrá fundarins var þessi:

1. Opnunarávarp framkvæmdastjóra
2. Framsögur
3. HópaVinna
4. Umræður og spurningar

Starfsmenn Austurbrúar héldu utan um skipulag stefnumótsins og stjórnðu umræðum og hópavinnu.



2. SKÍÐASVÆÐIN ERU LÍFSGÆÐI

Ákall úr samfélaginu varð til þess að Austurbrú setti fundinn á dagskrá og skipulagði. Það var mat framkvæmdastjóra að það væri í anda Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044 að bjóða Austfirðingum upp á sameiginlegan vettvang til að ræða þetta tiltekna málefni. Stefnu um uppbyggingu útivistar- og íþróttasvæða má finna í kafla Ö í svæðisskipulaginu en í kafla Ö.2. segir orðrétt:

- » Sérstaklega verði hugað að uppbyggingu svæða þar sem íbúar og gestir geta lagt stund á vetraríþróttir.
- » Áfram verði unnið að uppbyggingu góðrar aðstöðu til skíðaiðkunar og aðgengi tryggt fyrir bæði íbúa og ferðafólk.
- » Unnið verði að því að bæta möguleika til að iðka skíðagöngu í og við þéttbýli.
- » Kannaðir verði möguleikar á að byggja upp fjallaskíðamennsku.
- » Kortlagðir verði möguleikar sem felast í svæðum sem best henta til vélsleðaferða, bæði fyrir íbúa og ferðafólk.

(Sjá Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044, kafla Ö, bls. 120 í prentútgáfu sem finna má á vef Austurbrúar.)

Í opunarávarpi Dagmarar Ýrar Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Austurbrúar, kom fram að skíðasvæðin væru Austfirðingum mjög kær, þau væru ein af forsendum þess að hægt verði að byggja upp heilsársferðabjónustu á Austurlandi og þá væru þau ómetanleg lífsgæði fyrir þá sem hér búa eða gætu hugsað sér að flytjast búferlum austur. Að sögn Dagmarar var helsti tilgangur Hoppsa bomm að draga fram hvaða tækifæri heimamenn sjái í eflingu skíðasvæðanna í Oddsskarði og Stafdal.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Magnús Árni Gunnarsson



3. FJÖLBREYTT SJÓNARHORN

Á fundinum var fulltrúum frá ferðaþjónustunni, sveitarfélögum og fyrirtækjum boðið að halda stutt erindi sem fjölluðu um þýðingu svæðanna fyrir Austurland; framtíðarsýnina, samstarfsmöguleikana, markaðssetningu og hvernig hægt væri að byggja upp öflug skíðasvæði á Austurlandi til lengri og skemmri tíma. Við skipulagningu erinda var lögð áhersla á fjölbreytt sjónarhorn en fram komu:

Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir hjá Múlaþingi og **Magnús Árni Gunnarsson** hjá Fjarðabyggð sem ráku í sínum erindum kostnað við rekstur svæðanna, fyrirkomulag rekstrarins, opnunardaga og ógnanir og tækifæri sem að miklu leyti eru svipuð á báðum svæðum, búnaður er komin til ára sinna og flókið rekstrarumhverfi. Þau fóru yfir mögulega framtíðarsýn, hvernig hægt væri að byggja upp aðstöðu fyrir fjölbreyttari notkun svæðanna, þróun veitingaþjónustu, sameiginlega skíðamiða og samrekstur svæðanna.

Smári Kristinsson, framkvæmdastjóri hjá Alcoa Fjarðaáli og skíðaáhugamaður, lýsti skoðunum sínum á mikilvægi skíðasvæðanna og taldi þau hafa mikið aðdráttarafl fyrir nýja íbúa. Hann hvatti til samvinnu skíðasvæðanna og sagði bættar samgöngur innan landshlutans bjóða upp á mörg tækifæri til að byggja upp svæðin.

Ingimar Elí Hlynsson, sölustjóri hjá Icelandair, fór yfir stöðuna út frá sjónarhorni fyrirtækisins. Hann sagði upplýsingar frá fyrirtækinu sýna 3% heildaraukningu í farþegaflugi til Egilsstaða á árunum 2022 til 2024. Hann sýndi fundarmönnum inn í nýja „pakkabókunarvél“ þar sem boðið er upp á „innanlandspakka“ fyrir erlendan markað. Hann sagði gríðarleg tækifæri fólgin í vetrarferðamennsku á Austurlandi og hvatti heimamenn til að búa til spennandi pakka fyrir ferðamenn og tiltók sérstaklega að mikilvægt væri að fá samgöngur til og frá flugvelli og að námskeið, fræðsla o.fl. væri góð viðbót í slíka pakka.

Sævar Guðjónsson, ferðaþjónustubóndi á Mjóeyri, lýsti sínum skoðunum á málinu en hann tekur á móti fjölda ferðamanna sem sækjast eftir að komast á skíði fyrir austan. Hann lýsti auk þess sjónarmiðum heimamanns en hann hefur iðkað skíði frá barnsaldri og taldi nær útilokað að hann byggi fyrir austan ef ekki væri fyrir skíðasvæðið í Oddskarði. Hann taldi það raunar skoðun margra að skíðasvæðin væru gríðarlega mikilvæg lífsgæði fyrir þá sem hér búa. Hann rakti í stuttu máli þau markaðsátök sem ráðist hefur verið í með skíðasvæðið í Oddskarði t.d. „Páskafjör í Fjarðabyggð“ og „Austurland Freeride Festival“. Stór vandamál séu væntingar ferðamanna. Hægt sé að mæta þeim með góðum mat og gistingu en ekki sé hægt að lofa fólki að það komist á skíði. Fyrir utan veðrið séu aðrir þættir eins og viðhaldsskortur á tækjum sem geri rekstrarumhverfi svæðisins ótryggt.

Sólborg L. Steinþórsdóttir, hótellstjóri Hótel Héraðs á Egilsstöðum, fjallaði um mikilvægi markaðssetningar í sínu máli þ.e. að upplýsingar um skíðasvæðin væru traustar og aðgengilegar og benti auk þess á þýðingu skíðasvæðisins á Akureyri fyrir ferðaþjónustu fyrir norðan, að aðdráttarafl þess fyrir innlenda og erlenda ferðamenn yrði seint ofmetið. Hún ítrekaði mikilvægi þess að framboð afþreyingar væri stöðugt og tiltók sérstaklega

tilkomu Vakar Baths en þrátt fyrir það væri of algengt að fólk gisti aðeins eina nótt á hótelinu. Hún velti upp þeirri spurningu hvort Austfirðingar ættu að einbeita sér að „vellíðunarferðamennsku“.

Guðmundur Karl Jónsson var síðastur á mælendaskránni en hann er skíðarekstrarfræðingur, var forstöðumaður í Hlíðarfjalli um tíma og kom raunar að því að byggja upp skíðasvæðið þar. Hann rakti uppbyggingarsöguna fyrir norðan og hvernig samfélagið tók höndum saman um að efla skíðasvæðið m.a. með fjárframlögum frá einkafyrirtækjum sem sameinuðust um að byggja upp öfluga aðstöðu fyrir skíðafólk sem nýst hefur heimamönnum og gestum. Hann ræddi auk þess um mikilvægi snjóframleiðslu en fyrirtæki á Akureyri tóku þátt í rekstrarkostnaði við snjóframleiðsluna og umfram fjármagn var hægt að nota til að kaupa hjálma, skíði og síðar nýja lyftu. Hann upplýsti fundinn jafnframt um að á Norðurlandi væru fimm skíðasvæði og áhersla væri lögð á að markaðssetja þau saman.

Efri myndir f.v: Sólborg Steinþórsdóttir og Sævar Guðjónsson
Neðri myndir f.v: Smári Kristinsson og Sigurborg Hvönn Kristjánsdóttir



4. NIÐURSTÖÐUR HÓPAVINNU

Að loknum erindum voru myndaðir vinnuhópar, fimm talsins. Starfsmenn Austurbrúar stýrðu umræðum í hverju hópi. Margar hugmyndir komu fram í hópunum en starfsmenn Austurbrúar sáu um að taka niður fundarpunkta í gegnum Mentimeter-kerfið sem birtust þátttakendum jafnóðum á vegg. Almennt má segja að umræðan í hópunum hafi snúist um framtíðarsýn fyrir skíðasvæðin á Austurlandi en til einföldunar höfum við flokkað hugmyndirnar gróflega í eftirfarandi áherslur:

- >> Skíðafélög
- >> Nýjungar
- >> Fjármögnun
- >> Hollvinasamtök
- >> Búnaður
- >> Viðburðir
- >> Skíðapassar
- >> Ferðaþjónusta
- >> Markaðssetning
- >> Rekstrarform

Við höfum tekið saman í stuttan texta í hverju þessar hugmyndir voru fólgnar en birtum líka dæmi um það sem tekið var niður orðrétt eftir þátttakendum.

4.3. Fjármögnun

- >> Meiri samvinna við skíðafélögin
- >> Fjölga skíðaiðkendum með meiri kennslu
- >> Fjölbreyttari skíðaskennslu
- >> Uppeldisstöð skíðafólks
- >> Skíðakennsla í grunnskólann
- >> Fjölga iðkendum

Nokkuð var rætt um skíðaiðkun og kennslu á skíði, bæði í hópum og umræðum eftir hópavinnuna. Nefnt var að skíðaiðkendum í brekkunum á Austurlandi stæðu saman af skíðakrökkum á æfingum og foreldrum þeirra. Nefnt var að leggja ætti meiri áherslu á kennslu á skíði sem útivist og heilsueflingu en minni áherslu á keppnisskíði – gera skíðamenskuna að lífsstíl en ekki endilega íþrótt. Þá ætti skíðakennsla að fara fram á grunnskólastigi, efla þyrfti fjölbreyttari skíðakennslu og fjölga þannig iðkendum. Að lokum: Hafa ætti meira samstarf við skíðafélögin.

4.2. Nýjungar

- » Útvíkka skíðasvæðin (Selskógur, Fjarðarheiði o.fl.)
- » Bæta við skíðalyftu í Selskógi, t.d. við vatnstankinn og tengja við gönguskíðasporið
- » Áhersla á fjölbreytta notkun svæðanna t.d. gönguskíði, svig og fleira, en líka út frá árstíðabundinni notkun s.s. fjallahjól o.s.frv.
- » Snjóframleiðslu í Selskógi. Býður upp á fleiri valkosti fyrir iðkendur.
- » Framtíðin felst í útivist almennt á skíðasvæðum (göngur, hjólreiðar).
- » Fyrsta skógarsvæðið (uppbygging á Egilsstöðum)
- » Tvö svipuð svæði - loka Stafdal - opna svæði í Selskógi (láglandissvæði)
- » Taka lyfturnar saman og setja þær á eitt gott svæði
- » Samstarf við erlend svæði
- » Nýta svæðin betur, líka á öðrum árstíðum
- » Leyfa meiri fjölbreytileika á svæðunum, snjóþotur, snjóþrúgur o.fl.
- » Nýta svæðin yfir sumartímann, hjólabraut, go kart?
- » Betri gönguskíðasvæði
- » Leggja meiri áherslu á fjallaskíði
- » Kennsla í fjallaskíði
- » Láglandisskíðasvæði til þess að auka rekstraröryggi
- » Nýta Lagarfljótið

Í umræðunum komu einnig fram nýjar hugmyndir er tengjast skíðaiðkun og útivist að vetri. Nokkuð var rætt um að útvíkka skíðasvæðin og nýta Fjarðarheiði og Selskóg meira. T.d. nefnt að hægt væri að gera meira úr gönguskíðamennsku og fjallaskíðun lengra inn í sumarið í og við Fjarðarheiðina. Þá væri hægt að bæta við skíðalyftu við vatnstankinn í Selskógi og hafa snjóframleiðslu þar og útbúa láglandissvæði og fyrsta „skógarskíðasvæðið“ á Íslandi. Þá var töluvert fjallað um möguleikana í fjallaskíðun og kennslu á slík. Leggja ætti meiri áherslu á fjöl-breyttari notkun svæðanna; gönguskíði, svig, snjóþrúgur, fjallaskíði, snjóþotur, göngur. Þá ætti að byggja svæðin upp sem heilsárs-útvistarsvæði þar sem hægt væri að stunda göngur og hjólreiðar o.fl. líka. Þjóða þannig upp á fleiri valkosti fyrir iðkendur í hvers konar útivist.

Þá heyrðust einnig tillögur þess efnis að loka ætti öðru skíðasvæðinu, taka allar lyftur og hafa á einum stað, hafa annað svæðið sem æfingasvæði og hitt sem útvistarsvæði. Þá kom einnig fram tillaga um að nýta Lagarfljótið sem útvistarsvæði yfir vetrar-tímann, t.d. með gönguskíðaiðkun á fljótinu.



4.3. Fjármögnun

- >> Ekki horfa í kostnaðinn heldur horfa í tekjurnar sem skíðasvæði geta skapað, bæði beinar og óbeinar tekjur
- >> Hringja í Radcliffe
- >> Evrópuverkefni sem gefa peninga í uppbyggingu
- >> Auka fjárheimildir frá sveitarfélögunum í nafni lýðheilsu
- >> Er þetta dýrt? Dýrt miðað við hvað? Sundlaugar?

Spurt var um fjármögnunarmöguleika skíðasvæðanna og voru skoðanir þátttakenda úr öllum áttum. Nefnt var að ekki ætti að horfa í kostnaðinn heldur tekjurnar sem skíðasvæði geta skapað, beinar og óbeinar. Sveitarfélög ættu að auka fjárheimildir til skíðasvæðanna í nafni lýðheilsu, rétt eins og til sundlauga og annarra íþróttamannvirkja. Þá væri möguleiki að leita eftir Evrópuverkefnum sem gætu gefið peninga í uppbyggingu.

4.4. Hollvinasamtök

- >> Fá fyrirtækin á svæðinu í lið með skíðasvæðum
- >> Virkja atvinnulífið - vinir Austurlands
- >> Stofna hagsmunafélag fyrir skíðasvæðin á Austurlandi
- >> Fá fyrirtækin á svæðinu með
- >> Selja auglýsingar til fyrirtækja á skíðasvæðunum
- >> „Vinir skíðasvæðanna á Austurlandi“

Umræða um einhvers konar hollvinasamtök skíðasvæðanna varð til inni í hópunum og í umræðum eftir hópavinnu, í tengslum við fjármögnun svæðanna. Hugmyndir gengu út á að virkja sérstaklega atvinnulífið til þátttöku þar, fá fyrirtæki landshlutans til að leggja í þúkkið, svipað og gert var í verkefninu „Vinir Hlíðarfjalls“ á sínum tíma.

4.5. Búnaður

- >> Stöðug endurnýjun á troðurum
- >> Sameiginlegt viðhald á tækjum
- >> Ráðning á sameiginlegum sérfræðingum og fagfólki sem getur sinnt viðhaldi
- >> Rekstrarhagræðing, ein yfirstjórn sem síðan sendir mannskap á viðkomandi svæði eftir þörfum
- >> Nýta mannauð á milli
- >> Forgrunnurinn til í Skálafelli og Bláfjöllum. Samnýting á starfsfólki eftir þörfum hvers svæðis
- >> Sameiginlegir varhlutir, viðhald og jafnvel tæki
- >> Uppbygging í kringum gesti bæta aðbúnað

Töluvert var rætt um tækjabúnað svæðanna, bæði í umræðuhópum og í umræðum. Þar kom fram að tækjabúnaður væri kominn til ára sinna, s.s. lyftur og troðarar og kostaði mikið viðhald og komið að endurnýjun/fjölgun tækja. Hugmyndir komu fram um að svæðin ættu ákveðin tæki saman og að hægt væri að ráða fólk í viðhald fyrir bæði svæðin sameiginlega og nýta þannig mannauðinn. Tekið var dæmi úr Skálafelli og Bláfjöllum þar sem starfsfólk er samnýtt eftir þörfum hverju sinni. Einnig var fjallað um byggja þyrfti upp í kringum gestaaðstöðu svo aðbúnaður þar yrði sem bestur.

4.6. Viðburðir

- >> Meiri stemmingu í fjallið
- >> Búa til „stórviðburð“
- >> Sameiginlegar skíðahátíðir. Páskafjör á Austurlandi!
- >> Búa til aðdráttarafl t.d. viðburð þar sem fólk þarf að fara á x marga fjallatoppa

Óskað var eftir „meiri stemmingu í fjallið“, að búnir væru til stórviðburðir tengdum skíðaiðkun og að þeir færu jafnvel fram samtímis á báðum svæðum. Páskafjör á Austurlandi eða einhvers konar keppni þar sem keppendur þurfa að toppa x marga fjallstinda.

4.7. Skíðapassar

- >> Fjölskyldukort - sund, skíði, íþróttamannvirkin öll
- >> Sameiginleg gjaldskrá
- >> Ótrúlega mikill munur á verðskrár skíðasvæðanna
- >> Sameiginlegir passar
- >> Vantar sameiginlegt miðakerfi (Skidata)
- >> Skíðapassi fyrir allt Ísland, eins og veiðikortið
- >> Skíðapassar sem eru líka sundmiðar
- >> Hækka miðaverð!
- >> Sameiginlegar pakkaferðir (skíði og sund)
- >> Hægt að kaupa sér afþreyingarpassa sem gildir í sund, skíði o.fl.

Mikið var fjallað um sameiginlega skíðapassa fyrir skíðasvæðin og auka þannig nýtingarmöguleika kaupenda. Þá þyrfti að vera sama miðakerfi fyrir bæði svæðin (skidata).

Hugmyndir um notkunarmöguleika skíðapassanna voru allnokkrar, s.s. að hægt væri að kaupa sérstaka fjölskyldupassa og/eða passa sem veitir einnig aðgang að sundlaugunum. Jafnvel væri hægt að hafa aðgang að öðrum íþróttamannvirkjum innifalinn í þössum (t.d. að líkamsræktarstöðvum). Þá væri hægt að útbúa sérstaka afþreyingarpassa með fleiri valkostum (þá með aðkomu fyrirtækja í landshlutanum).

Nefnt var að samræma ætti gjaldskrár svæðanna en munurinn væri talsverður. Jafnvel ætti að hækka verðið.

Þróstur Jónsson í umræðum



4.8. Ferðaþjónusta

- >> Skapa aðstæður þar sem veður skiptir minna máli
- >> Búa til að einn pakka - hótél - skíðapassi - ALL INCLUSIVE!
- >> Auka og bæta aðgengið að svæðunum, betri innviði í kringum svæðin, bjóða upp á skíðakennslu fyrir ferðamenn o.fl.
- >> Skíðakennsla fram á sumartíðina, sérstaklega í Stafdal, horfa til skemmtiferðaskipafarþega.
- >> Laða að fyrirtæki sem gætu unnið með ferðaþjónustunni að uppbyggingu frekari þjónustu á skíðasvæðunum t.d. hótél, heitir pottar, lúxus pop up veitingastaðir
- >> Meira samstarf við ferðaþjónustuna við að byggja uppbygginguna
- >> Nota skíðasvæðin lengra fram í sumarið, skíðakennsla til skemmtiferðaskipafarþega
- >> Fjölbreyttari þjónusta, hugsa til fleiri markhópa.
- >> Eitthvað sem tekur við eftir skíðadaginn
- >> Þurfum að hafa meiri afþreyingu í boði því við stjórnnum ekki veðrinu. Verðum að geta gripið fólk þegar skíðasvæðin eru lokuð
- >> Lækka verð á flugmiðum
- >> Auka afþreyingu í kringum skíðaiðkun
- >> Almennilegur millilandafflugvöllur á Austurlandi

Ferðaþjónustuna bar oft á góma, sérstaklega í tengslum við nýtingu svæðanna og markaðssetningu þeirra.

Aðgengi að svæðunum þyrfti að vera gott (fyrirsjáanlegt) en jafnframt þyrfti að líka að skapa aðstæður þar sem veður skiptir minna máli (plan b og fleiri möguleikar í afþreyingu).

Hugmyndir komu fram um pakkaferðir (gisting/skíði/önnur afþreying) og að bjóða upp á skíðakennslu, t.d. fyrir skemmtiferðaskipafarþega (og nýta þannig snjóinn í Stafdal/ Fjarðarheiði lengra inn í sumarið).

Meiri afþreying þarf að vera í boði; bæði fjölbreyttari nýting á skíðasvæðunum (yfir vetur og sumar) – þjónusta fleiri markhópa, s.s. „ekki skíðara“ með skíðakennslu og/eða öðrum leiðum til útvistar, s.s. snjóþrúgum eða snjóþotum, en einnig að eitthvað taki við eftir daginn – að hægt sé að fara í sund, aprés ski o.s.frv.

Þá þyrfti að laða að fyrirtæki sem geta unnið með ferðaþjónustunni að uppbyggingu á frekari þjónustu á skíðasvæðunum, s.s. hótél, lúxus „pop-up“ veitingastaðir o.fl. Nefnt var að lækka þyrfti verð á flugfargjöldum innanlands og hefja millilandafflug til og frá Austurlandi.

4.9. Markaðssetning

- >> Meiri markaðssetning!
- >> Rekstur eins og hjá fyrirtæki, meiri markaðssetning og lengra plan
- >> Sameiginleg markaðssetning svæðanna
- >> Eitt skíðasamlag, markaðssetning fyrir eigendur þess (íbúa þess)
- >> Upphefjum skíðasvæðin
- >> Ein heimasíða, einn hattur fyrir öll svæði.
- >> Kynnum fjöllin
- >> Markaðssetning á erlenda markaði
- >> Targeta betur viðskiptavinahópinn
- >> Markaðssetja íþróttamannvirkin meira saman
- >> Þróa betur áherslur fyrir svæðin - finna og búa til sérkenni
- >> Gera grein fyrir fjölbreytileika nágrennisins

Orðið markaðssetning kom oft fram í umræðuhópunum en ekki var mikið farið út í ítarlegri skilgreiningar á hvernig hún ætti að vera. Þó kom fram að rekstur skíðasvæðanna ætti að vera meira eins og fyrirtækjarekstur; meiri markaðssetning og framtíðarplan. Einnig var rætt um að markaðssetning ætti ekki síður við inn á við (til íbúa) en út á við (til ferðamanna, íslenskra og erlendra). Markaðssetja ætti skíðasvæðin sameiginlega (nokkuð oft nefnt) og þau ættu að hafa eina heimasíðu. Skilgreina þarf og herja betur á réttan viðskiptavinahóp, kynna þarf betur þjónustuna í nærumhverfinu (gisting, veitingar, önnur afþreying) og markaðssetja ætti íþróttamannvirki svæðanna saman.

Guðmundur Karl Jónsson og Ingimar Elí Hlysson



4.10. Rekstrarform

- >> Opið allt árið
- >> Sameiginlegur rekstraraðili
- >> Aukið samstarf milli skíðasvæðanna
- >> Eitt skíðasvæði og áhersla á uppbyggingu þess
- >> Sameiginlegur forstöðumaður
- >> Aukið samstarf
- >> Meiri samvinnu
- >> Rekstur allt árið
- >> Svæðin eru lík veðurfarslega séð og því ætti að íhuga að leggja annað svæðið niður
- >> Skilgreina mismunandi hlutverk skíðasvæðanna. Eitt verði byggt upp sem skíðasvæði og annað sem æfingarastaða
- >> Vinna meira saman í samráði við skíðafélögin
- >> Hætta að hugsa sem sveitarfélög heldur hugsa sem Austurland
- >> Hætta að reka tvö „eins“ skíðasvæði
- >> Félag um rekstur skíðasvæðanna, sveitarfélög og fyrirtæki taki sig saman
- >> Deiliskipuleggja svæðin
- >> Einkarekstur eða opinber rekstur?
- >> Forgangsröðun: Byggja upp helstu skíðasvæði (Stafdal/Oddsskarð) og hugsa svo um hvernig hægt sé að stækka svæðin með einhverjum hætti
- >> Opnunartímar sundlaugar verða að ríma við opnunartíma skíðasvæða
- >> Lengri opnunartímar á virkum dögum til að koma til móts við gesti sem eru hér í frí
- >> Skilgreina hlutverk skíðasvæðanna og forgangsraða úr frá hlutverkum þeirra. Eitt aðalsvæði og annað minna svæði?
- >> Mjög dýrt að reka tvö svæði á Austurlandi út frá nákvæmlega sömu forsendum
- >> Ef við gætum rekið svæðin á heilsársbasis væri reksturinn ódýrari

Nokkuð snarpar umræður sköpuðust um rekstur skíðasvæðanna; bæði út frá fjármögnun og getu svæðisins til að reka tvö skíðasvæði.

Talað var um að rekstrarumhverfið væri erfitt enda margir óvissuþættir í rekstri skíðasvæða, sem væru ekki á færi manneskjunnar að stýra s.s. veðurfar og snjóalög. Þá var nefnt að svæðin væru of lík og hætta ætti að reka tvö sambærileg svæði og leggja áherslu á annað þeirra.

Aðrir töldu rekstrarhagræði hljótast ef svæðin væru rekin saman og samstarf milli svæða aukið – hætta ætti að hugsa sem sveitarfélög og fara að hugsa sem Austurland. Skilgreina ætti styrkleika svæðanna og kynna þau út á við eftir því – mögulega ætti annað að vera byggt upp sem útivistarskíðasvæði en hitt sem æfinga/keppnissvæði.



Þá var einnig talað um að með heilsársuppbýggingu og -nýtingu yrði reksturinn arðbærari. Til þess að því yrði þyrfti þó að deiliskipuleggja svæðin. Þá var þeirri spurningu velt upp hvort svæðin ættu að vera rekin fyrir opinbert fé eða hvort rétt væri að bjóða út reksturinn á öðru eða báðum svæðum.

5. OPNAR UMRÆÐUR

Þegar vinnuhóparnir höfðu lokið störfum gafst tími fyrir umræður þar sem þátttakendur stefnumótsins gátu t.d. borið fram spurningar við framsögumenn. Hér eru helstu atriði umræðunnar dregin saman.

- >> Tillaga borin upp um að stofna „þróunarhóp“ sem fullvinnur hugmyndir um hvernig hægt sé að efla skíðasvæðin á Austurlandi sem svo yrði skilað til sveitarfélaganna. Margir þátttakendur tóku undir þetta, að það þyrfti að vera ábyrgðaraðili sem hefði það hlutverk að vinna að uppbyggingu skíðasvæðanna á Austurlandi, eins konar „hagsmunasamtök“ eins og það var orðað.
- >> Á fundinum var skorað á kjörna fulltrúa, sem mættir voru á fundinn, að taka umræðuna áfram, að mikilvægt væri að „jákvæðnin og krafturinn“ af fundinum kæmist til skila á þá staði þar sem ákvarðanir eru teknar.
- >> Ragnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, brást við þessum áskorunum og sagði viljaleysi ekki vera vandamál heldur fjárskortur. Hann velti því jafnframt upp hvort rétt væri að leggja áherslu á eitt svæði fremur en tvö.
- >> Þröstur Jónsson, bæjarfulltrúi í Múlaþingi, tók undir þessi sjónarmið og sagði skynsamlegt að leggja áherslu á uppbyggingu í Oddsskarði en skíðasvæðið í Selskógi yrði hugsað sem æfingasvæði. Í þessu samhengi hvatti hann til samstöðu um jarðgangagerð á Austurlandi.
- >> Bættar samgöngur á svæðinu komu til tals í framhaldinu og áhrif þeirra á aðgengi t.d. hvort og hvaða áhrif Fjarðarheiðagöng hefðu á fjalla- og gönguskiðamennsku á heiðinni. Þátttakendur úr Fjarðabyggð tóku þátt í þessari umræðu og lýstu reynslu sveitarfélagsins en það þarf að greiða helming kostnaðar á móti Vegagerðinni, eftir að Oddsskarðsgöng voru aflögð, svo hægt sé að halda leiðinni á skíðasvæðið opinni.
- >> Bent var á að notendur svæðanna væru einsleitur hópur, hann samanstæði fyrst og fremst af „skíðabörnum“ og foreldrum þeirra. Það væri sóknarfæri að fá fleiri heimamenn til að nýta svæðin.

- >> Hvatt var til þess að móta framtíðarsýn fyrir svæðin og opna á fjölbreyttari notkunarmöguleika þeirra þannig að þau væru hugsuð fyrir fleira en iðkun vetraríþróttanna.
- >> Einn þátttakandi, sem hefur mikla reynslu af skíðaþjálfun, sagði skíðasvæðin á Austurlandi vanbúin og of lík. Ef annað svæðið er lokað vegna veðurs væru yfirgnæfandi líkur á að hitt væri það líka. Hann benti á að kannski væri skynsamlegt að breyta staðsetningu á öðru svæðinu og tiltók í því sambandi uppbyggingu og þróun á öðru skíðasvæði í Selskógi. Þannig yrði til „heilsársleikvöllur“ fyrir heimamenn og stórbætt aðgengi að skíðasvæði. Þannig væri hægt að ala upp „skíðakynslóðir“ og átti þar ekki eingöngu við keppnisfólk heldur fólk sem iðkaði skíði sem hluta af lífstíli.
- >> Nokkrar umræður urðu um þróun á gönguskíðamennsku og innviðaupbyggingu henni tengdri, hvort skynsamlegt væri að þróa svæði eins og Lagarfljótið í þessum tilgangi og leggja almennt meiri áherslu á fjalla- og gönguskíði fremur en brautar-skíði.



6. HVAD NÆST?

Fundurinn var afar vel heppnaður, mæting var góð og umræðurnar opnar og líflegar. Eins og komið hefur fram í þessari samantekt var ákall meðal þátttakenda um að niðurstaða stefnumótsins yrði m.a. sú að áframhaldandi þróun svæðanna yrði sett í einhvern farveg svo málið „sofnaði ekki“.

Austurbrú tekur undir þetta. Við teljum afar brýnt að sveitarfélögin tvö, Múlaþing og Fjarðabyggð, stofni sérstakan „þróunarhóp“ fyrir skíðasvæðin á Austurlandi sem m.a. tæki þær hugmyndir sem kviknuðu á stefnumótinu, ynnu þær áfram og útfærðu með nákvæmari hætti. Meðal annarra væru verkefni hópsins að móta framtíðarsýn fyrir svæðin til skemmri tíma og á þeim grunni leggja til aðgerðir sem sveitarfélögin geta tekið afstöðu til.

Austurbrú gæti átt sæti í þessum hópi og annast umsýslu en við teljum mjög mikilvægt að helstu hagsmunaaðilar eigi sæti í honum þ.e. fulltrúar atvinnulífs, skíðafélaganna og fólk sem þekkir starfsemi og rekstur svæðanna vel og úr þessum hópi yrði valinn einstaklingur sem gæti leitt vinnuna efnislega. Sé vilji til þess að mynda slíkan hóp býðst Austurbrú til að skila inn tillögu til sveitarfélaganna að mögulegum þátttakendum.

Að lokum: Fundurinn Hoppsa bomm einkenndist af jákvæðni og hreinskilni og Austurbrú telur skynsamlegt að skipa þennan hóp sem allra fyrst og freista þess að hann skili niðurstöðum snemma í haust sem sveitarfélögin geta þá lagt mat á áður en næsta skíðavertíð hefst.

Útgefandi: Austurbrú ses.

Umbrot: Esther Ösp Gunnarsdóttir

Texti: Alda Marín Kristinsdóttir og Jón Knútur Ásmundsson

Myndir af fundi: Jón Knútur Ásmundsson **Forsíðumynd:** Práinn Kolbeinsson

Austurbrú | Vonarlandi, 700 Egilsstaðir | 470-3800 | austurbru.is | austurbru@austurbru.is

